

Efni: Ástand húsnæðis héraðsskjala- og bókasafns Fannborg 3-5

Í kjallara Fannborgar 3-5 hafa bæði Héraðsskjala- og Bókasafn Kópavogs aðstöðu til skjalageymslu og deila húsnæði með Mæðrastyrksnefnd Kópavogs. Birt stærð eignarinnar (F2060392) er skv. þjóðskrá 471,7m², þar af nýtir Bókasafnið um 125 m² og héraðsskjalasafn um 63 m² auk þess sem um 60 m² rými er samnýtt af söfnunum.

Á liðnum árum hafa komið upp nokkur atriði sem sýna að húsnæðið er óhentugt og beinlínis óöruggt sem skjalageymsla.

Í handbók Þjóðskjalasafns Íslands um skjalavörslu sveitarfélaga, útg. 2010 eru leiðbeiningar um skjalageymslur í kafla 14. Þar segir í grein 14.1.2:

„Þegar velja á stað fyrir skjalageymslu er vert að hafa eftirtalda þætti í huga:

- *Að geymslan sé örugg gagnvart tjóni vegna náttúruvár – s.s. vatnsflóðum, jarðskjálftum, snjó- og aurflóðum.*
- *Að geymslan sé ekki nálægt fyrirtækjum þar sem er eldhætta eða mengun.*
- *Að geymslan sé nærri skrifstofum – það auðveldar alla afgreiðslu úr skjalasafninu.*
- *Stærð geymslunnar – hún þarf að vera nægilega stór til að geyma skjöl sveitarfélagsins þar til þau ná 30 ára aldri og þeim er skilað til viðkomandi héraðsskjalasafns eða Þjóðskjalasafns.*
- *Skjöl eru þung – gæta þarf að burðarþoli byggingar.*
- *Skjöl þola ekki sólarljós – gæta þarf að gluggum í rýminu og byrgja fyrir sólarljós.*
- *Gæta þarf að öryggisþáttum – í skjalageymslum þarf að vera hægt að koma fyrir brunaviðvörðunarkerfum og hurðir verða að vera eldtraustar.*
- *Skjalageymslan skal vera örugg fyrir innbrotum og búin innbrotsviðvörðunarkerfi. Þá er æskilegt að geymslan sé útbúin vatnsskynjurum.*
- *Skjöl eru viðkvæm fyrir hita og raka – slíkum þáttum verður að vera hægt að stjórna. Að hita- og rakastig sé stöðugt. Æskilegt hitastig í skjalageymslu er 15-18°C og rakastig 30-50%.*
- *Æskilegt er að niðurföll séu í gólfi til að koma í veg fyrir tjón sökum flóða og hillur skulu ekki vera nær gólfi en sem nemur 15 sm.*
- *Vatn skemmir skjöl – ekki má setja skjöl í rými með vatnsleiðslum í lofti né staðsetja vatnsúðunarkerfi yfir skjalaskápum.*
- *Gera þarf ráð fyrir að hægt sé að vinna með skjölin – borð/hillur til að leggja frá sér skjöl eru nauðsynleg.*
- *Trúnaðarskjöl þarf að geyma í læstum hirslum – gera þarf ráð fyrir að slíkar hirslur séu í geymslum.*
- *Æskilegt er að gólf séu lökkuð eða dúklögð og veggir málaðir til að einfalda þrif.*
- *Æskilegt er að hægt sé að slá út rafmagn í geymslum.“*

Hönnun hússins er þannig háttað að inni í rýminu sem notað er sem skjalageymsla liggja sverar stofnlagnir fyrir bæði neysluvatn og hitakerfi á efri hæðum, auk fallstamma fyrir skolp og regnvatn. Allar þessar lagnir eru upprunalegar og því komnar að lokum eðlilegs endingartíma. Tjón á þessum lögnum gæti leitt af sér óbætanlegt tjón á munum í geymslunum. Ekki eru heldur gólfniðurföll til að taka við leka hvort sem hann kemur frá lögnum eða utanfrá.

Sl. vetur varð vart við leka sem kom fram á gólfi forrými sem talið var að kæmi frá útvegg til suðurs þar sem bleytan kom aðeins fram í miklum rigningum. Við nánari skoðun kom í ljós að stífla var í regnvatnslögn undir botnplötu þannig að regnvatn frá svölum á efri hæð átti ekki greiða leið að

brunni/fráveitukerfi og því lak úr yfirfylltum frárennsliörum sem staðsett eru inni í forrýminu. Svalirnar eru inndregnar og staðsetning niðurfalla þannig að ekki er unnt að leiða vatn aðra leið frá svölunum en um rými skjalageymslu.

Nú nýverið kom í ljós að stofnlögn fyrir skulp frá efri hæðum var farinn í sundur inni í rými bókasafnsins. Mikill raki og skólpmengað vatn var komið í vikurhleðslu í kringum rörið með tilheyrandi óþrifnaði, ólykt og rakamyndun í rýminu.

Af og til koma upp tilvik þar sem hreyfanlegir skjalarekkar festast og hjól undir þeim gefa sig. Talið er fullvíst að þetta megi rekja til þess að botnplata hússins sem er plata á fyllingu og einangrun beri ekki þunga skjalaskápanna og því skekkist brautirnar með ofangreindum afleiðingum.

Í húsinu er ekki búnaður til hita og rakastýringar þannig að gera má ráð fyrir að rakastig sveiflist talsvert eftir árstíðum og aðstæðum utandyra. Ekki hafa verið gerðar mælingar á þessu, en í venjulegu skrifstofuhúsnæði fer rakastig gjarna niður fyrir 20% að vetrarlagi þegar kalt er í veðri utandyra og útiloft er hitað upp án þess að raka sé bætt í loftið.

Aðgangi er vel stýrt að rýminu og er það búið bruna- og innbrotaviðvörðunarkerfi sem tengt er við stjórnstöð Securitas. Við innbrotakerfið eru einnig tengdir vatnsskynjarar sem gefa boð ef flæðir.

Sjá einnig viðauka með myndum.

Niðurstaða:

Ljóst er skv. ofangreindu að núverandi húsnæði telst vera ófullnægjandi sem skjalageymsla og finna þarf betur útbúið húsnæði sem uppfyllir kröfur sem allra fyrst. Nauðsynlegt er að hefja strax þarfagreiningu m.t.t. stærða rýmis hvors safns fyrir sig, þannig að unnt sé að hefja leit að heppilegra húsnæði, eða eftir atvikum hönnun á nýju húsnæði.

Ef horft er eingöngu til húsakosts héraðsskjalasafns er núverandi rými um 600 fermetrar. Þar af eru skjalageymslur um 270 fermetrar. Sé horft til þess að tvöfalda geymslupláss og halda stærð vinnu- og skrifstofurýma að mestu óbreyttu mætti þá reikna með að nýbygging þyrfti að vera um 900 fermetrar.

Nákvæm greining á byggingarkostnaði liggur ekki fyrir, en ætla má að kostnaður við hönnun, eftirlit og framkvæmd verði 500-600 þ. pr. fermetra eða 450-540m kr. og er þá lóð ekki innifalin.

Virðingarfyllst,

Ari Sigfússon

Deildarstjóri eignadeildar

Viðauki, myndir úr skjalageymslu og slóðir á teikningar.

Lagnir í grunni: https://gagnasja.kopavogur.is/Teikningar/KOPA230601_1_0269.pdf

Neysluvatnslagnir á 1. hæð: https://gagnasja.kopavogur.is/Teikningar/KOPA230601_1_0262.pdf

Hitalagnir á 1. hæð: https://gagnasja.kopavogur.is/Teikningar/KOPA230601_1_0257.pdf